

# FRAMKVÆMDIR Á SVEINSKOTSVELLI

## NÝ LOKAHOLA


Golfklúbburinn Keilir vinnur nú að nýrri og glæsilegri lokaholu á Sveinskotsvelli, en með henni leggur klúbburinn lokahönd á nýtt vallarskipulag sem unnið hefur verið undanfarið ár, m.a. með gerð nýrra teiga.

Áhersla er lögð á að gera völlinn í senn aðgengilegan og viðuráðanlegan fyrir byrjendur og fólk með hærri forgjöf, en um leið spennandi og áhugaverður fyrir lengra komna.

Keilir vill gera Sveinskotsvelli hærra undir höfði og hámarka vinsældir hans og notagildi. Nýja brautin, sem er hönnuð af Edwin Roald og verður 86 m löng, er forsmekkur að því sem koma skal.

Ætlunin er að halda áfram að þróa Sveinskotsvöll, vinna að því að þar verði golfvöllur af bestu gerð, með stuttum og skemmtilegum brautum með samsvarandi sérkennum og fyrirfinnast á Hvaleyrarvelli, en í smækkaðri mynd. Stefnt er að því að skapa fjölbreytt umhverfi flata og að það bjóði upp á ýmis skemmtileg og krefjandi högg með flestóllum kylfum.

Áætlað er að jarðvinna við nýju brautina fari fram vorið 2018, að sáð verði í hana strax í framhaldinu og hún leikfær seinna á því ári.



*Sveinskot # 9*  
*Edwin Roald*



## NÝTT SKIPULAG

